

Ársskýrsla 2019



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Ávarp forstjóra

Kjarnaverkefni Þjóðskrár Íslands er að halda þjóðskrá og fasteignaskrá, ákvarða fasteignamat og brunabótamat og gefa út skilríki og vottorð. Metnaður liggur í að upplýsingar í þjóðskrá og fasteignaskrá séu áreiðanlegar og reglulega uppfærðar svo þær séu sem næst sanni á hverjum tíma og njóti trausts í samfélaginu. Þarfir samfélagsins eru breytilegar frá einum tíma til annars um hvað skuli vera skráð í þjóðskrá og fasteignaskrá. Með nýjum lögum um lögheimili sem tóku gildi 1. janúar 2019 var 25 ára markmiði náð um að hver einstaklingur skuli skráður til lögheimilis í tiltekinni íbúð, en áður var lögheimilið aðeins götuheiti og númer. Unnið hefur verið ötullega að innleiðingu þessara nýmæla og í lok árs 2019 var lögheimili 88% íbúa landsins skráð á íbúð.

Fagnaðarefni var að lög um skráningu einstaklinga voru samþykkt í desember, en þau leysa af hólmi lög um þjóðskrá og almannaskráningu frá 1962. Nýjar upplýsingar verða í þjóðskrá sem varða forsjá, fjölskylduvensl og skýrari kerfiskennitölur. Auk þessa tóku gildi á miðju árinu lög um kynrænt sjálfræði sem koma á móts við nútímakröfur um einfalda málsmeðferð erinda um breytingu kyns og nafns og að nafn sé ekki lengur skilgreint sem kvenmanns- eða karlmannsnafn. Eins og framan er rakið eru ýmis ný verkefni sem fylgja lagabreytingum. Fjármagn til reksturs stofnunarinnar á árinu 2019 lækkaði og þurfti því að grípa til erfiðra aðhaldsaðgerða. Það sér þó að hluta til sólar í þeim efnum þar sem með fjárlögum 2020 var samþykkt tímabundin fjárveiting í fjögur ár til uppbyggingar kerfis þjóðskrár.

Starfsfólk Þjóðskrár Íslands hefur brugðist við lagabreytingum og leggur sig í líma við að mæta þörfum í samfélaginu og veita faglega þjónustu. Markmið um einskráningu upplýsinga er í hávegum haft í kerfisgerð þjóðskrár og fasteignaskrár með áherslu á aukna sjálfvirkni, stafræna og gagnvirka málsmeðferð. Með því að skráningarupplýsingar ferðast stafrænt frá upprunastað upplýsinga beint í skrárnar eykst skilvirkni og traust á upplýsingum heldur áfram að aukast.

Margrét Hauksdóttir,
Forstjóri Þjóðskrár Íslands




Lykiltölur 2019

Útgefin almenn vegabréf	24.238
Útgefin vottorð úr Þjóðskrá	22.986
Nýskráð börn	4.894
Nýskráðir erlendir ríkisborgarar	6.294
Fjöldi heimsókna á www.skra.is	1.298.926
Komur í afgreiðslu í Reykjavík	50.746
Símtöl	52.132
Svarbox	5.317
Heildarfasteignamat	9.154 milljarðar kr.
Heildarbrunabótamat	9.991 milljarðar kr.
Kaupsamningar	12.200
Leigusamningar	8.443
Íbúar á Íslandi 1. desember 2019	364.128






Áfangar í starfsemi 2019





Sjálfvirk - rétt, traust og tiltæk



Öll vottorðaútgáfa úr Þjóðskrá var færð í rafrænan búning og geta viðskiptavinir nú fengið vottorð rafrænt undirrituð í pósthólf á Ísland.is.

Verulega hefur dregið úr tvískráningum þar sem skráningar sem fara í gegnum aðalskráningarkerfi Þjóðskrárupplýsinga eru nú forskráðar beint þar inn af starfsfólki skjaladeildar. Einnig hefur orðið gífurleg breyting í skilvirkni skráningar sífjamála, sem koma nú rafrænt inn í skráningarkerfi úr starfakerfi sýslumanna.

Undir lok árs hóf Þjóðskrá Íslands að hnippa í fasteignaeigendur í gegnum Ísland.is þegar gerðar voru breytingar á brunabótamati, fasteignamati eða skráningu fasteigna. Þetta gerist á sjálfvirkan hátt og með þessu var hætt að senda út bréfpóst við slíkar tilkynningar.


Skilvirk - einbeitt, öguð og eftirsótt

Í samræmi við nýja löggjöf um skráningu lögheimilis hafa um 90% einstaklinga nú verið skráðir með lögheimili niður á íbúð. Þessi skráning er mjög mikilvæg fyrir margar sakir og lengi hefur verið beðið eftir henni í samfélaginu enda talsvert nákvæmari en hefðbundin skráning niður á heimilisföng.

Rafræn skráning kyn- og nafnbreytinga í kjölfar nýrrar löggjafar um kynrænt sjálfræði átti sér stað á árinu sem er mikið framfaraskref.

Gefnar voru út leiðbeiningar fyrir sveitafélög um uppbyggingu staðfanga sem mynda heimiliföng landsmanna.

Sett var upp stöðluð aðferðarfræði við verkefnastýringu hjá stofnuninni þar sem lögð er áhersla á að gera réttu verkefni og að gera verkefni rétt.






Snjöll – rafræn, gagnvirk og glögg

Með öllum umsóknum um endurmat fasteignamats og brunabótamats þarf nú að skila inn myndum sem gerir starfsfólki mögulegt í flestum tilvikum að meta fasteignir án þess að fara á staðinn.

Vefur Þjóðskrár Íslands var einfaldaður til að gera notendum einfaldara að nálgast það efni sem þeir eru að leita eftir.

Lokið var við uppsetningu og innleiðingu á pósthólfi 2.0 á Ísland.is ásamt hnipp virkni sem tilkynnir viðtakanda að hann eigi ólesið skjal á Ísland.is. Þessi virkni sparar gríðarlegar fjárhæðir í póstsendingum.

Lokið var við skönnun á eignamöppusafni fasteignaskrár. Nú þurfa starfsmenn ekki lengur að sækja pappírsgögn í skjalasafn til að sinna verkefnum sínum.





Umhverfismál og græn skref

Skref 2 var stigið í grænum skrefum á árinu. Græn skref í ríkisrekstri miða að því að hafa jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi starfsmanna, ímynd stofnana og draga úr rekstrarkostnaði en verkefnið er drifið áfram af Umhverfisstofnun.

Á meðal þess sem þarf að uppfylla í skrefi 2 er að uppfylla skilyrði um endurvinnslu, að viðhafa grænt bókhald og hvetja til vistvænna samganga en samtals er um að ræða 34 aðgerðir.



2.224 kg


Úrgangur á árinu í flokkum pappírs, plasts, lífræns og almenns úrgangs.



76%


Af öllum úrgangi er sendur til endurvinnslu.

Akstur



 [Download data](#)

Prentað blöð



 [Download data](#)




Útgáfa vegabréfa

Nýtt framleiðslukerfi vegabréfa var tekið í gildi í upphafi árs 2019 sem hefur fjórfalda afkastagetu samanborið við eldra kerfi og uppfyllir allar gæða- og öryggiskröfur sem gerðar eru til slíkrar útgáfu.

Útgefin vegabréf voru samtals 24.238 árið 2019 sem var nokkur lækkun frá fyrra ári en árið 2018 voru gefin út 32.984 vegabréf. Embætti Sýslumanna annast umsóknir fyrir vegabréf hér á landi en Þjóðskrá Íslands er útgáfandi. Útgáfa vegabréfa fer fram í Reykjavík.

Útgefin vegabréf




 [Download data](#)

Þjóðskrá Íslands í fjölmiðlum


Fjölmiðlavakt Creditinfo bæði telur og flokkar umfjöllun í fjölmiðlum. Á árinu 2019 var fjöldi fréttu um Þjóðskrá Íslands um 1.000. Fréttir sem tengjast stofnuninni eru af ýmsum toga en tengist oft gögnum sem birt eru á www.skra.is. Má þar nefna vísitölur kaup- og leiguverðs og aðrar upplýsingar sem tengjast fasteignamarkaði.

Þjóðskrá Íslands fylgist einnig með hvernig stofnunin kemur út í samanburði við aðrar ríkisstofnanir og fyrirtæki. Almennt er umfjöllun um Þjóðskrá Íslands jákvæð. Ef jákvæðar fréttir eru teknar sem hlutfall af öllum fréttum sem flokkast sem jákvæðar eða neikvæðar þá birtust 9 jákvæðar fréttir fyrir hverja neikvæða á árinu 2019.

Hlutfall jákvæðra fréttu í fjölmiðlum



Fjöldi fréttu tengdar Þjóðskrá Íslands





Rekstur og mannauður

Rekstur stofnunarinnar var erfiður á árinu. Allra leiða var leitað til að draga úr fyriðsjáanlegum taprekstri með því að draga úr kostnaði með ýmsum hagræðingaraðgerðum og með því að fresta verkefnum.

Stærsti einstaki kostnaðarliður Þjóðskrár Íslands er launakostnaður og reyndist óhjákvæmilegt annað en að fækka fimm stöðugildum árinu auk þess sem ekki var ráðið í stöður sem losnuðu nema í undantekningartilvikum til að ná viðundandi árangri í rekstrinum.

Hjá Þjóðskrá Íslands voru unnin 112 ársverk á árinu 2019. Hlutfall karla var 42% og kvenna 58%.

Meðalaldur starfsmanna var 46,5 ár og var 59% starfsmanna með háskólamenntun, þar af 56% karlar og 44% konur.

Um 87% ársverka voru voru á starfstöð Þjóðskrár Íslands við Borgartún 21 í Reykjavík og 13% í Hafnarstræti 107 á Akureyri.

112

Ársverk

46,5 ár

Meðalaldur starfsfólks

42% / 58%

Karlar / Konur

WWW.SKRA.IS

SKRA@SKRA.IS

SÍMI / TEL (+354) 515 5300

BORGARTÚNI 21 - 105 REYKJAVÍK

HAFNARSTRÆTI 107 - 600 AKUREYRI